

Ársskýrsla 2007

Starfsemi bókasafnsins var með hefðbundum hætti árið 2007

Lykiltölur 2007:

Útlánuð 52.828 (52.325) gögn.

Útlán á íbúa 8,3 safngögn (8.8) Íbúafjöldi 1. des. 2007 6.345

Skráðir lánþegar í des 2007: 1244 (1.327)

Gestakomur ekki mældar eins og árið áður.

Heimsóknir (skipulagaðar) leikskólabarna: 12 heimsóknir, gestafjöldi: 174 börn

Heimsóknir grunnskólanema: 11 heimsóknir, gestafjöldi: 108 börn

Heimsóknir barna á leikjanámskeiðum: 7 heimsóknir, 135 börn

Þjónustutími: 42/39 klst á viku /þjónustudagar: 280

Netkaffitölur: 10 gestir á dag / 2800 á ári

Svöfusalur: 16 (15) fjarnemendur í reglulegu námi frá HA (vorönn) ; 1 á haustönn.

Starfsfólk: 8 manns í 5.13% stöðugildum

(Til samanburðar eru tölur frá árinu áður í sviga).

Starfsfólk:

Við bókasafnið störfuðu 8 manns í 5.13% stöðugildum.

Auður Sigurðardóttir bókaforstöðingur er í 82,92% stöðuhlutfalli, Hafdís Daníelsdóttir bókaforstöðingur minnkaði starfshlutfall sitt á árinu úr 82,92% í 75%. Ingibjörg Ösp Júlíusdóttir bókaforstöðingur (76,67%) var í barneignafri og fór síðan í launalaust leyfi. Helgi Sigurvin Steindal var ráðinn í starf bókaforstöðingur (40.84%). Auk þess sinntu tveir nemandur í FVA hlutastarfi, þau Elín Carstensdóttir (18,75%) og Stefán Valentínusson (15%). Ingibjörg Þóroddsdóttir deildarstjóri 75% starfi, Sigríður Beinteinsdóttir (100%) bókaforstöðingur og ræsting/kaffiúmsjón. Gerður J. Jóhannsdóttir sinnti að jafnaði 10% starfi í bókasafni. Halldóra Jónsdóttir bækubókaforstöðingur er í 100% starfshlutfalli. Elín Carstensdóttir var í 100% afleysingastarfi yfir sumarmánuðina.

Stjórn safnsins skipuðu : Magnús Þór Hafsteinsson formaður, Hjördís Garðarsdóttir, Þorgeir Jósefsson og Valgarður L. Jónsson

Tölfræðiupplýsingar í Gengi:

Fjöldi eintaka: 56.439

Heildarfjöldi titla: 28.755

Eintakaeign eftir efnistegund:

Bók 43.286

Geilsadiskar 542

Geisladiskar/ hljóðbók 116

Tímarit: 11.073

Myndband 545

Mynddiskar 355

Snælda /hljóðbók: 463

Annað: 59

Samtals safngögn: 56.439

Eintakaeign eftir safndeild:

Barna- og unglingadeild: 6.817

Útlánasalur, 1. hæð: 18.036

Útlánadeild, 2. hæð: 6.149

Haraldssafn: 2.093 (ekki fullskráð)

Átthagadeild: 72

Ættfræðideild: 606

Geymslur: 22.655

Fjöldi nýrra titla: 4.500 (enn verið að tengja eldri safnkost)
Afskrifaðar voru 300 bækur.

Útlán og skil

Útlán	42.147
Endurnýjað	5.221
Endurnýjað á vef	921
Skil	42.425
Frátektarbeiðnir	294

Lánþegar eftir lánþegastöðu

Fullornir lánþegar (18-67 ára): 993
Börn: 229
Stofnanir: 22
Samtals: 1244

Millisafnalán: 143 safngögn

Barna- og unglíngastarf

Sumarlesturinum 2007 sem hófst 1. júní laukl 1.ágúst með “Húllum hæ”.

Uppskeruhátið sumarlesturs 1. ágúst

Í ár skráðu 55 börn sig til þátttöku í sumarlestri og af þeim voru 33 virkir lesendur.

Börnin lásu samtals 506 bækur og innihéldu þær samtals 23.587 blaðsíður. 27 börn skiluðu inn lesblöðunum sínum og urðu þátttakendur í lukkupottinum.

Sú lukkulega sem átti blaðið sem dregið var úr pottinum var því miður ekki viðstödd á Húllum-hæinu en hún heitir Ólöf Margrét Ómarsdóttir. Ólöf Margrét kom við á safninu nokkrum dögum seinna til þess að sækja vinninginn, forlata hjól í boði Byko. Þegar lesblaðið hennar var skoðað kom í ljós að hún hafði lesið 30 bækur sem innihéldu 2075 blaðsíður og hún því vel að verðlaununum komin.

Samstarf var við Skátafélagið um heimsóknir barna á leikjanámskeiðum í Bókasafn Akraness. Sögunonan Þóra Grímsdóttir sagði börnunum sögur, við mikla ánægju barnanna.

Mæja spæja

25. júlí kl. 14:00 var fyrsti hluti 'svakamálaleikritsins' Mæju Spæju eftir Herdísi Egilsdóttur fluttur á Bókasafni Akraness og mörgum almenningubókasöfnum á landinu á sama tíma.. Dagurinn verður haldinn hátíðlegur með blöðrum og litasamkeppni, þar sem börnum var boðið að lita myndir af Mæju Spæju og senda inn gegn verðlaunum. Þetta var fyrsta hátíðlega frumsýningin á útvarpsverki fyrir börn af þessari stærðargráðu og aðgangur að sjálfsögðu ókeypis og opin öllum.

Bókasafnið tók þátt í vali barnanna á bestu bók ársins, sem Borgarbókasafn Reykjavíkur stýrir að vanda. Að þessu sinni voru hlutskarpastar bækurnar

Fíasól á flandri eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur í myndskreytingu Halldórs Baldurssonar og Guðni Kolbeinsson hlaut verðlaunin í flokki þýddra bóka fyrir **Eragon : Öldungurinn**. Þrír heppnir þátttakendur verðlaunaðir.

Lesið úr nýjum barnabókum frá október – apríl, á miðvikudögum kl 17.00

Að venju var Bangsadagur 27 október haldinn hátíðlegur með Bangsapema vikuna 22. – 27. október. Tveir leikskólar komu í skipulagðar heimsóknir í bangsaviku og tveir leikskólar komu í formlegar heimsóknir í Norrænni bókasafnsviku í nóvember.

Starfsfólk fer í endurmenntun og starfsmenntun

Gerður og Hafdís fóru á námskeið barnabókaværða í maí 2007, haldið á Akureyri.

Sigríður Beinteinsdóttir fór á námskeið í bókbandi.

Bæjarbókavörður stundar nám við Háskóla Íslands í Opinberri stjórnsýslu.

Helgi Steindal og Ingibjörg Ösp Júlíusdóttir stunda nám í bókasafns- og upplýsingafræði við Háskóla Íslands.

Svöfusalur

Nemar í hjúrkunarfræðum (15) ljúka námi og halda útskrift 14. júní í FVA

Nokkur námskeið voru í Svöfusalur, m.a. Námskeið fyrir dagforeldra (5 þátttakendur). Þá óskuðu nokkrir nemendur í háskólanámi að taka próf í námsverinu.

Einn nemandi hefur fjarnám um haustið frá HA, nám í grunnskólakennaradeild.

Vökudagar 1.-10 nóvember.

Bókasafnið tók þátt í menningarvökunni með því að fá Úlfhildi Dagsdóttur bókmenntafræðing kom í heimsókn og kynna Manga bækur. Sérstakir gestir voru nemendur 10. bekkjar grunnskólanna. Úlfhildur var með tvo fyrirlestra í Svöfusal, kl 11:30 og 12.30 þann 6. nóvember. Af þessu tilefni sendi bókabúðin Nexusu kassa af bókum sem nemendur máttu velja sér úr. Í anddyri var Star Wars sýning.

Hinn 14 ára gamli Benedikt Thorsteinsson hélt sýningu á fjölmörgum gripum sem tengjast hinum vinsælu Stjörnustríðs-myndum Spielbergs og Lucas. Benedikt, sem er nemandi við Brekkubæjarskóla, hefur mikinn áhuga á Stjörnustríðsmyndunum og hefur safnað ýmsum munum sem tengjast þessum einstöku myndum. Má þar nefna plaköt, bækur, figúrur o.m.fl. Hann á einnig búning stormsveitarmanna keisarans, í fullri stærð, sem hann klæddist m.a. þegar hann sótti alþjóðlegt Star Wars þing í London í júlí sl. ásamt þúsundum annarra Star Wars aðdáenda.

Norrænn skjaladagur 9. nóvember. Þá sett upp ný sýning í anda þema dagsins, persónuleg skjöl. Sýning á vegum Héraðsskjalasafns Akraneskaupstaðar.

Norræn bókasafnavika Í ljósaskiptunum – “Konan í norðri”

Upplestrarstund að norrænum hætti. Þemað var Konan í norðri og af því tilefni var lesið úr bók eftir Sigríð Undset.

Rún Halldórsdóttir læknir og bæjarfulltrúi las. Tónlist í umsjón Nínu og Döllu.

Kaffi og konfekt.

Fyrir börnin var lesið úr sögunum um Ronju ræningjadóttur í lestrarstund á miðvikudegi.

Í vikunni komu leikskólabörn í heimsókn og lesið var úr bók Astrid Lindgren Lína langsokkur ætlar til sjós fyrir þau.

Safnheimsóknir

Að venju er öllum börnum í 4. bekk grunnskólans boðið í heimsókn í safnkynningu.

Frá Brekkubæjarskóla (janúar) komu 49 börn í 6 heimsóknum. Kom Grundarskóli ekki ?

Sýningar í anddyri

Anja Theosdóttir sýndi jólasveinamyndir (bókaskreytingar) sínar í Bókasafni Akraness.

Sýningin opnar miðvikudaginn 12. desember 2006 og stendur fram í janúar.
Myndlistarmaðurinn Anja Theosdóttir Kislich er fædd árið 1970 í Friedrichshafen í Þýskalandi en fluttist til Íslands árið 2003.

“Blessuð sé minning þeirra” Helgi Daníelsson sýnir ljósmyndir (janúar-febrúar)

Guðmundur Þórðarsonar sýndi olíumálverk og túsmyndir í mars.
Guðmundur Alfreð Þórðarson er fæddur á Akranesi 29. júní 1934.

Unnar Eyjólfur Jensson sýndi olíumálverk (apríl-maí).

Ljósmyndasafn Akraness hélt sýningu "Á fermingardaginn" í Listasetrinu Kirkjuhvoli í apríl. Hluti af þeirri sýningu var settur upp í anddyri Bókasafns Akraness. Þema sýningarinnar var fermingarljósmyndir og mátti sjá þróun þeirra frá fyrri hluta 20. aldar til dagsins í dag. Elsta fermingarmyndin var frá 1919 en sú yngsta frá 18. mars 2007. Sjá má einstaklings- og hópmyndir og myndir af fermingarbörnum fimmtíu árum síðar. (maí/júní)

Sylvía Dröfn Björgvinsdóttir sýndi málverk í júlí.

Star wars sýning í nóvember (sjá Vöku dagar)

Aðrar minni sýningar

Gömul jóla og nýjárskort úr eigu Steinunnar Pálinu Þorsteinsdóttur (f. 1911 d. 2005) og móður hennar Þorgerðar Magnúsdóttur (f. 10. apríl 1865 d. 2. júlí 1953) frá Hítarneskoti Kolbeinsstaðahreppi, Snæfellsnesi. Sýningin stóð yfir í desember / janúar og var á vegum Héraðsskjalasafnsins.

Erla Þórðardóttir sýndi Gömul gull

Erla er ein af fastagestum bókasafnsins og grúskar mikið í ættfræði. Hún er líka mikill safnari og hefur varðveitt marga gamla hluti eins og leikföng frá æsku sinni. Þetta eru bæði erlend leikföng framleidd í verksmiðjum og einnig steinar, leggir og skeljar sem hún skreytir á sinn hátt. (ágúst- sept)

Annað

Haustfundur Samtök forstöðumanna almenningsbókasafna haldinn að Görðum, í umsjón Bókasafns Akraness, 19 október.
Bókasafnið er aðili að Vefbókasafninu –samstarfsverkefni íslenskra almenningsbókasafna Listaverkaskráning, sem verið hafði í umsjón Bókasafnsins færð til starfsmanns Kirkjuhvols.

Í kjölfar viljayfirlýsingar menningarmálanefnda Akraneskaupstaðar og Borgarbyggðar um samstarf á sviði menningarmála, hafa Bókasafn Akraness og Héraðsbókasafn Borgarfjarðar gert með sér það samkomulag að eigi lánþegi gilt skírteini í Bókasafni Akraness getur hann nýtt sér þjónustuna í Héraðsbókasafni Borgarfjarðar og öfugt. (júní)

Tekið þátt í markaði á “Hátíð hafsins” (laugardaginn 2. júní), Írskum dögum í júlí og Vökudögum í nóvember, í samvinnu við markaðsfulltrúa Akraneskaupstaðar.
Starfsfólk tók þátt í átakinu “Hjólað í vinnuna” í fimmta sinn. Ferðamáti var hljólað, gengið eða strætó.

Ljósmyndasafn – Héraðsskjalasafn Akraneskaupstaðar

Gerður J. Jóhannsdóttir er skrifstofustjóri /deildarstjóri Ljósmyndasafns og Héraðsskjalasafns Akraneskaupstaðar og er í fullu starfi, en sinnir sem áður segir hlutastarfi í bókasafni.

Ljósmyndavefur var formlega opnaður 14. júní 2007, endurbættur vefur. Endurbæturnar fólust í því að auðvelda vinnu starfsfólks við vefinn, sem skilaði sér í skemmtilegri vef.

Ljósmyndasafnið auglýsti eftir myndum eldri en frá árinu 1960. Myndum frá Akranesi og nágrenni.

Við formlega opnun endurbættis vefs, í Haraldarhúsi, var stofnað Hollvinafélag

Ljósmyndasafnsins.

Í upphafi ársins var unnin úttekt á Ljósmyndasafninu. Farið yfir verklagsreglur safnsins

Leitað var til Ljósmyndasafns Reykjavíkur sem aðstoðaði á margan hátt. Friðþjófur Helgason

ljósmyndari var ráðinn tímabundið til safnsins (jan-mars) til að vinna við úttektina ásamt forstöðumanni.

Ljósmyndasafnið fékk styrk frá Menningarráði Vesturlands til að setja upp sýningu í Kirkjuhvoli, “ Á fermingardaginn”.

Lokaorð

Sumarlína Jónsdóttir fyrrum starfsmaður bókasafnsins lést á árinu. Hún var fædd 30. ágúst 1929 í Nýhöfn á Akranesi. Sumarlína réðst til starfa á Bókasafn Akraness árið 1981 og starfaði við bókaviðgerðir, ræstingu og almenna bókavörslu til ársins 1999. Sumarlína var einstaklega laghent og vandvirk við bókaviðgerðir. Eftir að starfsævinni lauk var hún ötul fönðurkona og sýndi m.a.glæsilegan perlusaum í bókasafninu. Starfsfélagar minnst hennar með þakklæti og seint gleymast hinar óviðjafnanlegu kökur sem hún bakaði og bauð starfsfélögum sínum upp á. Sumarlína giftist Steinþóri Magnússyni (d. 1991) árið 1961 og eignuðust þau fjögur börn.

Sumarlína lést 24. júní og fór útför hennar fram í kyrrþey þann 29. júní 2007.

Ágúst 2008 / Halldóra Jónsdóttir